

83 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns 31. ágúst Finnssonar frá Hnúki“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 31. ágúst 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Kristjáns Finnssonar frá Hnúki.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Kristjáns Finnssonar frá Hnúki“.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum vandamönnum og vinum Kristjáns Finnssonar frá Hnúki í Dalasýslu, er drukknaði frá Vogum 17. marz 1927.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er kr. 320,00 — þrjú hundruð og tuttugu krónur — og er gert ráð fyrir, að honum geti auk árlegra vaxta, hlotnast tekjur af tillögum, gjöfum, og áheitum einstakra manna, er kynnu að vilja styrkja hann.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er fyrst og fremst og aðallega sá, að efla bókasafn núverandi Klofningshrepps í Dalasýslu, sem Kristján heitinn Finnsson var aðalstofnandi og hvatamaður að. En auk þess er heimilt í framtíðinni, er sjóðurinn er orðinn svo stór, að bókasafnið hafi hans ekki þörf að meira eða minna leyti, að verja af vöxtum hans fé til styrktar efnilegum mönnum, körlum eða konum, í Klofningshreppi til fræðanáms, og gangi þá að sjálfsögðu hinir efnaminni fyrir.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Dalasýslu eða öðrum tryggðum sjóði, unz hann er orðinn kr. 2000,00 — tvö þúsund krónur —; þá fyrst má nota helming vaxtanna. Þegar hann er orðinn kr. 5000,00 má nota $\frac{2}{3}$ vaxtanna, þangað til sjóðurinn er orðinn kr. 10,000,00; má þá nota $\frac{4}{5}$ vaxtanna, unz hann er orðinn kr. 100,000,00; úr því má nota alla vexti af sjóðnum, en þann höfuðstól, kr. 100,000 — eitt hundruð þúsund krónur — má aldrei skerða.

5. gr.

Með stjórn sjóðsins skal fara 3 manna nefnd, er í séu sóknarprestur núverandi Dagverðarnessóknar í Dalasýslu og sinn maðurinn kosinn af hverri hreppsnefndinni og bókasafnsstjórninni í Klofningshreppi. Stjórn sjóðsins ræð-

ur því, hvar hann er ávaxtaður, gerir árleg reikningsskil fyrir honum og ákveður, hvernig varið skuli fé því, er til úthlutunar kemur árlega. Reikningsár sjóðs- 83
ins sé almanaksárið. 31. ágúst

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Dagverðanesi, 5. apríl 1930.

Pétur Jónsson,
bóndi í Dagverðanesi.

Ásgeir Ásgeirsson,
prófastur í Hvammi.

Þórður Jónsson,
bóndi á Ballará.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Vestur-Ísa- 84
fjarðarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumála- 31. ágúst
ráðherra 31. ágúst 1931. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Vestur-Ísafjarðarsýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: „Minningarsjóður Vestur-Ísafjarðarsýslu“ og er stofn-
aður til minningar um eitt þúsund ára afmæli hins íslenska ríkis, árið 1930.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður árið 1931 af 500 króna framlagi frá Vestur-Ísa-
fjarðarsýslu og er ætlað til, að honum, auk vaxta, geti hlotnast tekjur, svo sem
með árstíllögum hreppa eða sýslu, gjöfum, áheitum eða erfðafé frá einstökum
mönnum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er — á sínum tíma, sbr. 4. gr. — að styðja grasrækt,
garðrækt og skógrækt í Vestur-Ísafjarðarsýslu. — Akuryrkja getur og komið
til greina.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymt og ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðs. Vextir af
sjóðnum og aðrar tekjur, er honum kunna að falla, skulu árlega leggjast við
höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn 1000000 — ein milljón — króna. Þá